

## 159 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 29. janúar 2021 kl. 09:30 í gegnum Teams fjarfundabúnað.

Mætt voru; Lilja B. Ágústsdóttir, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Brynja Þorbjörnsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson og Atli Svansson. Guðrún Tryggvadóttir sat fundinn í forföllum Sifjar Matthíasdóttur. Davíð Sigurðsson boðaði forföll, en varamaður hans hafði ekki tæk á að mæta. Þá sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Lilja Ágústsdóttir, formaður SSV, setti fund kl.09.30

### 1. Fundargerð 158 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 157 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Samningur um verkefni í C1 í byggðaaætlun

Lagður fram samningur Byggðastofnunar og SSV og verkefni Vínlandssetur og Nýsköpunarnet Vesturlands sem fengu stuðning úr aðgerð C1 í byggðaaætlun. Stjórn staðfesti samninginn.

### 3. Samningur við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um rekstur Áfangastaðastofu

Framlagður samningur við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um að SSV taki að sér að reka Áfangastaðastofu Vesturlands. Öll sveitarfélög á Vesturlandi hafa veitt SSV heimild til að undirrita samninginn. Stjórn SSV samþykkti samninginn.

Einnig var lagður fram samningur við Ferðamálastofu við Áfangastaðastofu Vesturlands um fjárveitingar til hennar og starfsemina almennt. Stjórn samþykkti samninginn.

### 4. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands

Rætt um ný áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2021. Sóknaráætlun Vesturlands fékk viðbótarframlag fyrir árið 2021 að upphæð 12,5 m.kr. og var lagt til að það fjármagn fari til áhersluverkefna. Framkvæmdastjóri kynnti drög að áhersluverkefnum ársins 2021. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að fullvinna tillögur að verkefnunum og lagði áherslu á að viðbótarfjárveitingin myndi fara til verkefna er lúta að velferð íbúa.

## **5. Uppbyggingarsjóður Vesturlands**

Framkvæmdastjóri kynnti úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands sem fór fram 15 janúar s.l. Samtals var úthlutað 43.270.000 til 92 verkefna, en alls bárust 123 umsóknir í sjóðinn að þessu sinni.

Í umræðu kom fram að mikilvægt væri að endurskoða úthlutunarreglur með reglubundnum hætti, en áætlað er að reglur verði endurskoðaðar nú á vormánuðum

## **6. Tilnefning fulltrúa í verkefnaráð vegna Holtavörðuheiðarlínu 1**

Lagt fram erindi frá Landsneti þar sem óskað er eftir því að SSV tilnefni fulltrúa í verkefnisráð vegna Holtavörðuheiðarlínu 1. Stjórn samþykkti að tilnefna Pál S. Brynjarsson í verkefnisráð og Ólöfu Guðmundsdóttur til vara.

## **7. Heimasíða SSV**

Lögð fram greinargerð frá Grýluþúfu sem vann þarfagreiningu á vef SSV. Jafnframt skilaði Grýluþúfa tveimur tillögum að endurbótum á vefnum. Stjórn þakkaði Grýluþúfu fyrir vel unnið verkefni og fól framkvæmdastjóra að afla verðupplýsinga um þessar mismunandi tillögur að endurbótum á vefnum.

## **8. Endurskoðun á samgönguáætlun Vesturlands**

Rætt um vinnu við endurskoðun á samgönguáætlun Vesturlands, auk þess sem lagt var fram minnisblað um vegaframkvæmdir á Vesturlandi árin 2017-2021 ásamt minnisblaði frá Pálma Sævarssyni svæðisstjóra Vegagerðarinnar um fyrirhugaðar framkvæmdir í nýrri samgönguáætlun ríkisins.

## **9. Sundabraut**

Á fundinn mætti Gísli Gíslason og kynnti hugmyndir um lagningu Sundabrautar, en Gísli hefur settið í nefnd sem mun skila samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skýrslu um Sundabraut á næstu dögum. Stjórn þakkaði Gísla fyrir greinargóða kynningu.

## **10. Almenningsamgöngur**

SSV fékk styrk úr byggðaáætlun til þess að gera úttekt á því hvort hægt væri að efla almenningsamgöngur á Vesturlandi með því að tengja saman skólaakstur og almenningsamgöngur. Í samfloti með Vestfjarðarstofu hefur SSV átt í viðræðum við ráðgjafa um aðkomu að verkefninu. Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að ganga til samninga við VSÓ um ráðgjöf við verkefnið.

## **11. Umsagnir um frumvörp**

Kynning á þeim lagafrumvörpum sem senda hafa verið til umsagnar til SSV. Stjórn SSV fól framkvæmdastjóra að vinna umsagnir um eftirfarandi frumvörp:

- Grænbók í byggðamálum
- Lagafrumvarp um Hálendisþjóðgarð

- Frumvarp til laga breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða
- Frumvarp til laga um jarðalög

## **12. Skýrsla um kolefnisspor Vesturlands**

Lagt fram minnisblað frá UMÍS um helstu niðurstöður í skýrslu sem fyrirtækið er að vinna varðandi kolefnisspor Vesturlands. Stjórn samþykkt að fresta umræðu um verkefnið fram að næsta fundi.

## **13. Tónlistarhátíð í Reykholti**

Lagt fram erindi frá aðstandendum Tónlistarhátíðarinnar í Reykholti. Stjórn getur ekki orðið við beiðni um styrk til verkefnisins, en bendir bréfiturum á að í vor verður opnað fyrir umsóknir um styrki til viðburða á Vesturlandi sumarið 2021.

## **14. Vesturland í sókn**

Lögð fram tillaga að verkefninu Vesturland í sókn sem áður hefur verið til umræðu undir heitinu „Fjármál sveitarfélaga á Vesturlandi“. Stjórn gerði ekki athugasemdir við dagskrá verkefnisins, en dagskrá er þríþætt:

- a. Skýrsla um áhrif atvinnuleysis á fjármál sveitarfélaga á Vesturlandi  
Skýrsla um skiptingu útsvarstekna sveitarfélaga eftir atvinnugreinum
- b. Samantekt um niðurstöður íbúakönnunar á Vesturlandi
- c. Fundir á Teams um atvinnu- og innviðauppbýggingu á Vesturlandi, en fyrirhugaðir eru alls 8 fundir fram á vor 2021.

## **15. Íbúakönnun**

Á fundinn mætti Vífill Karlsson og kynnti helstu niðurstöður úr nýrri íbúakönnun sem hann verkstýrði fyrir alla landshluta. Yfir 10.000 manns tóku þátt í könnuninni sem í fyrsta skipti var gerð á öllu landinu. Á Vesturlandi tók 1632 þátt í könnuninni sem var mjög gott svarhlutfall. Könnunin verður kynnt frekar á næstu dögum. Stjórn þakkaði Vífli fyrir hans framlag til þessa verkefnis.

## **16. Fjölmiðlar og landsbyggðinni**

Lögð fram tillaga frá sameiginlegum fundi framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna um að samtökin taki höndum saman um að vekja athygli á hversu lítið íbúar á landsbyggðinni eru notaðir sem viðmælendur í fjölmiðlum. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna að verkefninu.

## **17. Framlögð mál**

- a. Fundargerðir annarra landshlutasamtaka
- b. Fundargerð frá fundi í Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundi slitið kl. 13:10